



# LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

2. tbl. – febrúar 2017

**Hringstjóra- og ritaranámskeið** var haldið laugardaginn 28. janúar síðastliðinn. Góð þátttaka var á námskeiðinu en tólf áhugasamir félagsmenn tóku þátt og stóðu sig með miklum ágætum. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Þorsteinn Thorsteinson og lukkaðist námskeiðið vel. Námskeiðið stóð frá kl. 10 til kl. 17 og var hádegisverður í boði félagsins. Það verður mikill styrkur fyrir félagið að fá nýja starfsmenn í hring á næstu sýningum.



**Skráning stendur yfir í næstu augnskoðun** félagsins sem fer fram helgina 4.-5. mars frá kl. 9-16 báða daga. Dýralæknirinn Jens Kai Knudsen frá Danmörku skoðar hundana að þessu sinni. Enn eru einhver laus pláss eftir og hvetjum við félagsmenn að bóka pláss sem fyrst. **Síðasti skráningadagur í augnskoðun er föstudagurinn 17. febrúar eða fyrr ef allir tímar klárast.**

# Á döfinni

**Uppskeruhátíð félagsins verður haldin 11. febrúar n.k.** í félagsheimili Fáks í Víðidal. Húsið opnar kl. 19:00 en borðhald hefst kl. 20:00. Boðið verður uppá glæsilegt steikarhlaðborð ásamt meðlæti!

**Dagskrá kvöldsins verður glæsileg að vanda en stigahæstu ræktendur ársins verða heiðraðir og okkar risastóra happdrætti verður á sínum stað. Veislustjórar verða þau Anna Þóra Björnsdóttir uppistandari og okkar eigin Daníel Örn Hinriksson snillingur og gleðigjafi. Plötusnúðurinn Atli mun svo sjá til þess að dansinn duni eftir að hefðbundinni dagskrá lýkur.**

Vinsamlega athugið að hámarksfjöldi sem kemst inní húsið er 160 manns og síðast komust færri að en vildu.

**Miðaverð er 4.000 kr. - fyrir félagsmenn – 5.500 kr. fyrir aðra.** Á hverjum miða er happdrættisnúmer en hægt er að kaupa auka **happdrættis miða - 1 miði á 500 kr. - 3 miðar á 1.000 kr.**

Miðasala fer fram á skrifstofu og stendur til 9. febrúar. Hægt er að hringja inn og greiða fyrir sína miða og fá þá afhenta á staðnum, en ekki verða teknir frá miðar.



## **Ein stærsta sýning í sögu félagsins er handan við hornið**

Marssýning HRFÍ fer fram helgina 3.-5. mars næstkomandi. Helgin byrjar á hvolpasýningu HRFÍ og Royal Canin á föstudagskvöldið ásamt keppni ungra sýnenda. Alþjóðlega sýningin verður haldin 4. og 5. mars og reiknað er með að dómar standi frá kl. 9-16 báða daga. Að þessu sinni verður norðurljósapema á sýningunni og eru hátt í 700 hundar skráðir ásamt rúmlega 200 hvolpum. Fimm dómarar frá fjórum löndum munu dæma á sýningunni. Dagskráin verður birt á næstu dögum en hana verður að finna á heimasíðu HRFÍ og á Facebook-síðu félagsins en sýningarnúmer verða send út um það bil tveimur vikum fyrir sýningu.

## Frá ShihTzu deild

Fimmtudaginn 16.02.2017 verður **Uppskeruhátíð ShihTzudeildar** haldin á skrifstofu félagsins.

Dagskrá:

Kl 19:00 Stigahæstu hundar heiðraðir

Kl 20:00 Fyrirlestur Kolbrúnar Örnú dýrahjúkrunarfræðings:

Kolbrún mun m.a. fjalla um líkamsbeytingu hunda, algeng meiðsli, alhliða styrktarþjálfun og fleira.

**Athugið að fyrirlesturinn er opinn öllum félagsmönnum.** Vonumst til að sjá sem flesta.

**Ársfundur ShihTzudeildar** verður haldinn á skrifstofu félagsins 23.03.2017 kl 17:30

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

## Frá Ungmennadeild

**Ársfundur Ungmennadeildar** verður haldinn fimmtudaginn 23. febrúar n.k. kl. 18:00.

Dagskrá:

Ársskýrsla 2016-2017 lesin

Stjórnarkjör

Önnur mál

Að fundi loknum heldur Auður Sif Sigurgeirsdóttir fyrirlestur um byggingu og hreyfingu hunda og boðið verður upp á veitingar. Nánari upplýsingar má finna hér:

<https://www.facebook.com/events/1871339976466326/>

**Sýningarþjálfun Ungmennadeildar fyrir marssýningu HRFÍ** verður haldin sunnudagana 12., 19. og 26. febrúar í Gæludýr.is á Korputorgi frá kl. 12-16. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu deildarinnar.

## Frá Íþróttadeild

### Hundafimikeppni

Laugardaginn 11. febrúar kl. 13:00 - 16:00 verður haldin hundafimikeppni og bronsmerkjapróf í reiðhöll Andvara að Hattarvöllum 2, 210 Garðabæ. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu deildarinnar hundafimi.is

## Námskeið

Námskeið á vegum deildarinnar eru komin á fulla ferð og er áætlað að næsta námskeið hefjist sunnudaginn 12. febrúar. Skráning fer fram á hundafimi@hotmail.com koma þarf fram: nafn, netfang, kennitala, sími, nafn hunds, aldur og tegund.

## Bingó

Deildin mun halda páskabingó 25. mars kl. 14:00 í Sólheimakoti nánari upplýsingar verður að finna fljótlega inn á hundafimi.is

## Aðalfundur

Aðalfundur deildarinnar verður haldinn 22. febrúar kl. 19:30 á skrifstofu HRFÍ þar verður farið yfir árskýrslu deildarinnar og viðurkenningar fyrir stigahæstu hundana afhentar.

## Frá Fuglahundadeild

Starf Fuglahundadeildar er farið af stað á nýjan leik og var fyrsta opna hús deildarinnar haldið sunnudaginn 29. janúar. Fjöldmennur hópur félagsmanna mætti á opna húsið þar sem kynnt var dagskrá deildarinnar fyrir árið.

Auk hefðbundinna prófa á heiði og sækiprófa ákvað deildin að sækja um að fá að halda meginlandshundapróf þar sem prófað verður eftir sænskum reglum og sænskur dómari fenginn til að dæma. Þetta próf er til reynslu til að sjá hvort þessi tegund prófa henti hér á landi og vonandi getum við í framhaldinu aðlagð prófið íslenskum aðstæðum og fengið íslenskar prófreglur. Þetta fyrsta meginlandshundapróf verður opið próf, þ.e. hundar munu fá einkunnir og umsagnir en einkunnirnar eru ekki metnar til stiga. Nálgaast má reglur prófsins hér : <http://www.specialklubb-skf.se/jaktprov/provregler>

Deildin mun standa fyrir **opnum húsum á sunnudögum í Sólheimakoti** fram á vor þar sem leitast er við að hafa dagskrá sem fjölbreyttasta. Deildin mun **heiðra stigahæstu hunda** deildarinnar **sunnudaginn 5. febrúar** og boðið verður upp á vöfflukaffi eftir það. Meðal annarra viðburða sem verða á opnu húsunum eru tegundakynningar, GPS námskeið og fleira



fróðlegt endilega fylgist með heimasíðu deildarinnar [www.fuglahundadeild.is](http://www.fuglahundadeild.is) þar sem opnu húsin og fleira skemmtilegt verður auglýst.

**Ársfundur deildarinnar** verður haldinn sunnudaginn **26. febrúar kl. 13** í Sólheimakoti. Kjörgengi og kosningarétt hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda eða hafa verið skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild í tvö ár og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.

**Sýningaþjálfun** verður haldin fimmtudagana 16. og 23. febrúar og 2. mars kl. 20:00 í gæludýr.is Korputorgi, allir eru velkomnir og skiptið kostar 500 krónur.

Fuglahundadeild stefnir einnig á að vera með bás á stórhundadögum Garðheima þar sem félagsmönnum gefst kostur á að mæta og kynna sína tegund. Vonandi sjáum við sem flestar af tegundum deildarinnar sem eru í dag orðnar átta talsins.

Þrjár nýjar tegundir hafa bæst við flóru deildarinnar, Bracco Italiano, Pudelpointer og Korthals Griffon og verður spennandi að fylgjast með þeim og eigendum þeirra í framtíðinni.

## Frá Deild íslenska fjárhundsins

**Ársfundur Deildar íslenska fjárhundsins** verður haldinn fimmtudaginn **9. febrúar kl: 20.00** í húsnæði Hundaræktarfélags Íslands að Síðumúla 15. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

## Frá Retrieverdeild

**Laugardaginn 21. janúar voru stigahæstu hundar deildarinnar heiðraðir**, bæði fyrir þá sem hlutskarpastir voru á sýningum og prófum ársins. Einnig var kynnt veiði- og vinnunámskeið sem haldið verður í sumar með erlendum þjálfara.

Retrieverdeildin mun standa fyrir **hlýðniprófi 11. febrúar** í Bílastæðahúsi/kjallara Náttúrufræðistofnunar Íslands sem er í Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabæ. Dómari verður Albert Steingrímsson.

**Glæsilegur rakkalisti** var opnaður fyrir skemmstu og má finna hann á síðu deildarinnar [www.retriever.is](http://www.retriever.is)

Retrieverdeildin mun standa fyrir **sýningaþjáflun í febrúar** fyrir komandi sýningu í byrjun mars.

## Frá Vinnuhundadeild

**Vinnuhundadeild HRFÍ hefur verið endurvakin.** Starfandi vinnuhundanefnd sem m.a. var skipuð af stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar þann 31. janúar sl. Á fundinum var farið yfir starfsemi vinnuhundanefndar 2016, áætlaða starfsemi Vinnuhundadeildar fyrir árið 2017, breytingatillögur að sporareglum sem nefndin hefur unnið að og stöðuna á þýðingu á dönsku Rallý-Hlýðni reglunum sem eru í vinnslu. Alls bárust fimm framboð til stjórna og var því sjálfkjörið í stjórn. Nýja stjórn skipa: Silja Unnarsdóttir formaður, Þórhildur Bjartmarz ritari, Kristjana Bergsteinsdóttir gjaldkeri, Gunnhildur Jakobsdóttir og Hildur Pálsdóttir. Ný stjórn er full tilhlökkunar og bjartsýn fyrir starfsemi deildarinnar komandi ár.



Á mynd talið frá vinstri: Silja, Hildur, Þórhildur og Gunnhildur (á myndina vantar Kristjönu)

## Frá Chihuahuadeild

Ársfundur Chihuahuadeildar HRFÍ og heiðrun stigahæstu hunda deildarinnar, verður haldinn föstudaginn 10. febrúar nk. kl. 20.00 á skrifstofu HRFÍ Síðumúla 15.

Dagskrá:

Ársskýrsla 2016

Ársreikningar 2016

Stjórnarkjör: þrjú sæti laus í stjórn en Daníel Örn Hinriksson, Anna Guðný Jónsdóttir og Kristín Þórmundsdóttir gefa kost á sér til áframhaldandi starfa.

ATH allir skuldlausir félagar hafa kosningarétt.

Önnur mál

Heiðrun stigahæstu hunda 2016

Léttar og fljótandi veitingar

Stjórn Chihuahuadeildar HRFÍ

